16
15. júní

# LÖG

um

**breyting á lögum nr. 40 1919, um forkaupsrjett á jörðum.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laga nr. 40 1919 kemur ný grein, sem verður 3. gr., svo látandi:

Ákvæði 1. gr. og fyrri málsl. 2. gr. ná ekki til þess, er jarðeigandi selur barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Í stað „2. gr.“ í 4. gr. laganna kemur: 4. gr.

3. gr.

Í stað „3. gr.“ í fyrstu og síðustu málsgr. 5. gr. laganna kemur: 4. gr.

4. gr.

Í stað „1.—7. gr.“ í 6. gr. laganna kemur: 1.—6. gr.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 40 1919 og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*